



Verktrygging

Skilmáli nr. ZZ10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ZZ10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Staðfesting um verktryggingu.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- ÍST 30 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Með verktryggingu ábyrgist VÍS greiðslu á tjóni sem verkkaupi verður fyrir efni tryggingartaki ekki skyldur sínar samkvæmt samningi tryggingartaka og verkkaupa.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt undir rafrænum skjölum á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir það verk sem tiltekið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

2.1 Tryggingartaki er tryggður.

3. Hvað bætir tryggingin?

3.1 VÍS ábyrgist greiðslu á tjóni sem verkkaupi verður fyrir efni tryggingartaki ekki skyldur sínar samkvæmt samningi tryggingartaka og verkkaupa.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

4.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Tryggingarfjárhæð

5.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini og staðfestingu um verktryggingu. Þegar lokaúttekt tryggingartaka og verkkaupa á verkinu hefur farið fram lækkar tryggingarfjárhæðin eins og samið er um í verksamningi og fram kemur í staðfestingu um verktryggingu.

6. Ákvörðun bóta

6.1 Verkkaupi getur krafist VÍS um bætur vegna galla sem fram hefur komið á verki tryggingartaka eða hvers konar kostnaðar sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda tryggingartaka á ákvæðum verksamnings.

7. Endurkrafa

7.1 Tryggingartaki skuldbindur sig til að endurgreiða VÍS þær bætur sem VÍS innir af hendi vegna verktryggingarinnar.

7.2 Tryggingartaka ber að greiða vexti samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

7.3 Endurkafa VÍS samkvæmt þessari grein fellur í gjalddaga þegar VÍS gerir kröfu um greiðslu.

8. Tryggingarráðstafanir

8.1 Ef tryggingartaki eða aðrir leggja fram veð eða ábyrgjast með öðrum hætti kröfu þá er VÍS kann að eiga á hendur tryggingartaka vegna verktryggingarinnar getur VÍS gengið að hvaða veði eða ábyrgðarmanni sem er.



9. Breytingar á verki

- 9.1 Veðsalar og ábyrgðarmenn geta ekki krafist þess að verða leystir undan skyldum sínum þó að verktíminn framlengist og þar með gildistími verktryggingarinnar eða aðrar breytingar verði á verki.
- 9.2 Telji VÍS tryggingar ekki nægilegar við ofangreindar aðstæður, sbr. gr. 9.1, getur VÍS krafist nýrra trygginga í staðinn fyrir eða til viðbótar þeim er fyrir voru.

10. Tryggingarskylda

- 10.1 Þeim sem leggur til veð er skylt að kaupa og viðhalda venjulegum og eðlilegum tryggingum á því.
- 10.2 Tryggingartaki skal kaupa og viðhalda tryggingum sem eðlilegar og venjulegar eru fyrir verktakastarfsemi.
- 10.3 Tryggingar skal kaupa hjá viðurkenndu tryggingafélagi. VÍS má kaupa slíkar tryggingar fyrir hönd þess sem skylt var að gera það og á hans kostnað séu ekki lögð fram gögn um að slíkar tryggingar séu fyrir hendi.

11. Ágreiningsmál

- 11.1 Komi upp ágreiningur milli tryggingartaka og verkkaupa um rétt verkkaupa til tryggingarfjárhæðinnar fer um ágreiningsmál þeirra samkvæmt 32. kafla ÍST 30, nema samið hafi verið um annað.

12. Lok tryggingar

- 12.1 Trygging gildir í 12 mánuði eftir að lokaúttekt hefur farið fram, sé ekki um annað samið.
- 12.2 Verkinu telst skilað þegar lokaúttekt tryggingartaka og verkkaupa hefur farið fram. Tryggingartaki skal senda VÍS staðfestingu á úttektinni án ástæðulauss dráttar.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.